

Mánudaginn 3. apríl 1933.

Nr. 156/1932. **Halldór Stefánsson, f. h. Slysatryggingar ríkisins** (Garðar Þorsteinsson)
 gegn

Sigríði Jónsdóttur (Th. B. Lindal).

Dánarbætur. Viðbótarupphæð.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1932: Stefnd, Slysatrygging ríkisins, greiði stefnöndu, Sigríði Jónsdóttur, kr. 300,00 með 5% ársvöxtum frá 8. jan. þ. á. til greiðsludags og málskostnað með kr. 96,00, þar með talið málflutningskaup hrjmf. Th. B. Lindal, 60 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti. Stefnda, sem hefir fengið gjafvörn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með því að fallast má á ástæður hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Svo verður og að dæma áfrýjanda til þess að greiða málflutningskaup hins skipaða talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, er ákveðst 100 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi, Halldór Stefánsson, f. h. Slysatryggingar ríkisins, greiði málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir hæstarétti,

Theódórs Lindals hæstaréttarmálflutningsmanns, með 100 krónum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 12. jan. 1931 andaðist Arngrímur Jónsson, verkamaður í verksmiðjunni Gefjun við Akureyri, af slysförum í nefndri verksmiðju. Hinn 8. júní s. á. ól ekkja hans, stefnandi þessa máls, lifandi meybarn, sem í skírinni 12. okt. f. á. hlaut nafnið Rósa Arngrima og er á lífi enn eða að minnsta kosti við málshöfðun þessa. Arngrímur sál. var lögum samkvæmt tryggður í Slysatryggingu ríkisins og hefir hún viðurkennt skyldu sína til bótagreiðslu fyrir hann til ekkjunnar og fyrir börn þeirra hjóna, sem fædd voru áður en slysið varð, en hefir reynzt ófáanleg til að greiða ekkjunni lögmæltu viðbótarupphæð fyrir nefnt meybarn, sem þó er ekki véfengt, að hinn látni sé faðir að. Ekkjan hefir því, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun og að fenginni gjafsókn höfðað mál þetta gegn Slysatryggingu ríkisins með stefnu, dags. 20. jan. þ. á., og krafst þess, að stefnd verði dæmd til að greiða sér vegna barns síns kr. 600,00 ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 8. jan. þ. á. til þess er greitt er og málskostnað að skaðlausu eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefnd hefir krafizt algerðrar sýsknu og sér dæmdan málskostnað eftir mati réttarins, og er ástæðan, sem hún færir fram til sýknu sér sú ein, að barnið hafi ekki verið fætt er faðirinn andaðist, og hafi því ekki verið á framfæri hans þá.

Um sókn málsins skal það fyrst athugað, að lög nr. 72/1931, um slysatryggingar voru ekki sett og gengu ekki í gildi fyrr en 8. sept. s. á. eða um 8 mánuðum eftir að dauða mannsins bar að höndum, bótakrafan á því að fara fram eftir hinum eldri lögum um slysatryggingu frá 7. maí 1928 og getur ekki verið hærri en 300 kr. Synjun hinnar stefndu stjórnar slysatryggingarinnar á greiðslu bóta til ekkjunnar fyrir nefnt barn, er bersýnilega byggð á þeirri skoð-

un, að barnið sé hér beinlinis aðili réttarins til bótanna og að þau skilyrði þurfi að vera fyrir hendi, er greinir í 2. tölulið 5. greinar slysatryggingarlaganna, er börn eru þeir vandamenn, er næstir standa til að fá dánarbætur. En þetta er hér ekki svo. Ekkjan er aðili bótaréttarins og um þetta atriði segir í næstsíðustu málsgrein 5. greinar, að hljóti ekkja dánarbæturnar, „skal að auki greiða 300 kr. fyrir hvert skilgetið barn innan 15 ára aldurs“, og er það alveg heimildarlaust að krefjast þess, að skilgetið barn skuli vera fætt fyrir lát föður síns, til þess að ekkja hans, sem dánarbótaréttinn hefir, geti fengið lögmæltu viðbótarupphæð greidda fyrir þetta barn sitt.

Hina umstefndu kröfu ber því að taka til greina þannig, að stefnd greiði kr. 300,00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað með kr. 96,00 þar af 60 kr. til hæstaréttarmálflutningsmanns Th. B. Línadal, sem sótt hefir málið fyrir stefnanda, og hefir málaflutningur hans verið lögmætur.

Miðvikudaginn 5. apríl 1933.

Nr. 100/1931. **Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Guðmundi Ólafssyni, f. h. Gests Guðjónssonar (Guðm. Ólafsson).

Kaupkröfur tildæmdar með sjóveðrétti.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 11. júlí 1931: Stefndur, Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja, greiði stefnandanum, Guðmundi Ólafssyni, f. h. Gests Guðjónssonar, kr. 4094,17 með 6% ársvöxtum frá 2. júlí 1929 til greiðsludags og kr. 331,50 í málskostnað og á stefnandi sjóveðrétt í línuveiðaranum „Gunnar Ólafsson“ V. E. 284 fyrir framangreindum upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.